

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/932 frá 8. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virka efnid þýridalýl ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/939 frá 10. maí 2023 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/939 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 571/2014 ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32023 R 0932**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/932 frá 8. maí 2023 (Stjtið. ESB L 124, 10.5.2023, bls. 4),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 10.5.2023, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 157, 27.5.2014, bls. 96.

- **32023 R 0939**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/939 frá 10. maí 2023 (Stjtið. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 19).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/515):
- „13zzzzzzzzzzzzl. **32023 R 0939**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/939 frá 10. maí 2023 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 (Stjtið. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 19).“
3. Texti liðar 13zzzzd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014) og 116. undirliðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 571/2014) í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/932 og (ESB) 2023/939, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.